

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Miðlæg stjórnsýsla
B/t Elísabetar Pétursdóttur

Reykjavík 9. maí 2025

Sæl

Á stjórnarfundi þann 7. apríl s.l. ákvað stjórn FEB að tilnefna eftirfarandi aðila í öldungaráð
Reykjavíkur:

Sem aðalmann (óbreytt):

Sigurður Ágúst Sigurðsson, netfang: formadur@feb.is

Sem varamann:

Ástrún Björk Ágústsdóttir, netfang: astrunbjorkagustsdottir@gmail.com

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar FEB



Dýrleif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri FEB

Afrit af fundargerð stjórnar FEB frá 07.04.25. fylgir sem fylgiskjal.

Stjórnarfundur FEB nr. 512 mánudaginn 7. apríl 2025

kl. 14:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristinn Eiríksson, Guðrún Bergmann, Gunnlaugur A. Júlíusson og Kristján Guðmundsson.

Mættir varamenn: Sigrún E. Unnsteinsdóttir.

Fjarverandi: Varamennirnir Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

- **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
- **Fyrirhugaður stefnumótunarfundur stjórnar**
Rætt um að halda stefnumótunarfund stjórnar á vori komanda til að móta stefnu fyrir störf nefnda. Dagsetning ákveðin síðar.
- **Skipan nefnda**
Fundarmenn ákváðu að skipa eftirtalda aðila í eftirtalda nefndir innan FEB:
 - Kjara- og velferðarnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristján Guðmundsson. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.
 - Húsnæðisnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Kristján Guðmundsson, Kristinn Eiríksson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.
 - Laganefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Gunnlaugur A. Júlíusson og Bjarni Bjarnason
 - Ferðanefnd:** Guðrún Bergmann, Gunnlaugur A. Júlíusson, Kári Jónasson, Jóhanna Ragnarsdóttir, Guðlaug Tómasdóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir
 - Ritnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristján Guðmundsson, Fanney S. Jóhannsdóttir, Guðrún Bergmann og Dýrleif Guðjónsdóttir
 - Fulltrúar FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar:**
Aðalfulltrúi: Sigurður Ágúst Sigurðsson
Varafultrúi: Ástrún Björk Ágústsdóttir
- **Álit Innviðaráðuneytis vegna fækkunar fulltrúa FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar og fréttir af Öldungaráði.**
 - Álit Innviðaráðuneytisins dags. 12. mars 2025 lagt fram þar sem ráðuneytið kynnir þá túlkun sína á lögum á félagsþjónustu sveitarfélaga um að það skulu fleiri en eitt félag skipa fulltrúa í Öldungaráð Reykjavíkur, þrátt fyrir að í lögnum segir að fulltrúar í Öldrunarráð Reykjavíkurborgar skuli skipaðir af „félagi eldri borgara í Reykjavík“.

- Formaður skýrði út nýja skipan Öldungaráðs Reykjavíkurborgar sem nú starfar undir heitinu „Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar“.
- Formaður hafði spurst fyrir um ráðstöfun þess gjalds sem sundlaugar Reykjavíkur innheimta af eldri borgunum. Svars er að vænta á næsta fundi.
- **Fyrirhuguð kynning HMS á LA fyrir stjórn FEB**
Á áætlun er að aðstoðarforstjóri HMS komi á næsta stjórnarfund FEB þann 6 maí n.k. til að kynna sögu og stöðu LA fyrir nýrri stjórn FEB.
- **Undirbúningur fyrir landsfund LEB þann 29. apríl**
 - **Ályktun FEB**
Formaður kynnti samskipti við LEB varðandi umræðu um fækkun fulltrúa FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar. Fór yfir tillögu að ályktun sem hann lagði til að yrði lögð fram á Landsfundi LEB þann 29. apríl n.k. til að mótmæla þessari fækkun. Fundarmenn samþykkir ályktuninni.
 - **Fulltrúar FEB**
Rætt um framkvæmd landsfundar og framlagningu tillagna að lagabreytingum á landsfundi framundan. Framkvæmdastjóri kynnti ýmis sjónarmið varðandi tillögu að fækkun fulltrúa stærstu félaganna á landsfundi LEB.
 - **Hlutverk fulltrúa FEB og kynningarfundur fyrir fulltrúana**
Formaður mun kalla saman alla landsfundarfulltrúa fyrir landsfundinn, taka umræðu um áherslur fyrir landsfundinn og stilla saman strengi stjórnar og landsfundarfulltrúa fyrir fundinn.
- **Umsagnir Alþingis**
Framkvæmdastjóri skýrði frá að lagt er upp með að félagið skili umsögnum um flest þau mál sem berast félaginu.
- **Önnur mál**
Formaður kynnti stöðu mála í kjaramálum eldri borgara m.a. miðað við stjórnarsáttmála og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Málið verður kynnt og rætt frekar á landsfundi LEB þann 29. apríl n.k.

Næsta stjórnarfund á að halda þriðjudaginn 6. maí

Fundi slitið kl. 16:20.

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðun Júlíusson

Gunnlaugur Auðun Júlíusson
Gunnlaugur Auðun Júlíusson
 GUÐLAUGUR AUÐUN JÚLÍUSSON
Gunnlaugur Auðun Júlíusson
 HBA